

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

F U N D A R G E R ð

176. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, föstudaginn 12. febrúar 2016 kl. 10:30.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Sigfús Davíðsson, Ómar Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmasson, Nanna Jónsdóttir, Bjarni Jón Matthíasson og Guðmundur Einarsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Guðmundur Einarsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Erindi Sláturfélags Suðurlands dags. 01.02.16: Óskð er eftir að Sorpstöð Rangárvallasýslu taki á móti áhættuvefjum úr nautgripum á Strönd. Ekki er unnt að taka á móti þessum úrgangi til urðunar, þar sem starfsleyfið býður ekki upp á slíkt. Ákveðið að leita til Umhverfisstofnunar og verkfræðistofunnar Mannvits og kanna hvort hægt sé að finna leiðir til lausnar í samráði við sláturleyfishafa á svæðinu.
2. Yfirlit um móttekið sorp á Strönd 2011-2015. Lagt fram til kynningar.
3. Önnur mál: Fram komu ábendingar um að veruleg vanhöld séu á hirðingu sorps á starfssvæðinu. Ákveðið að koma þessum umkvörtunum á framfæri við Gámaþjónustuna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11,30